

Kirkjuþing unga fólksins 2016. #  
6. mál –þskj. 6. #  
#

### **Nefndarálit**

til þingsályktunar um eftirfylgd Kirkjuþings unga fólksins. #  
(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2016)#

#

Frsm. Berglind Hönnudóttir#

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktar að sett verði á nefnd sem heldur utan um eftirfylgt mála sem sett eru fram á KUF. Nefndin starfi frá þingi til þings og sé kosið í nefndina á sama tíma og áheyrnarfulltrúi er kosin til kirkjuþings hins almenna. sitji sá aðili í nefndinni ásamt fjórum öðrum þingmönnum KUF. Mælst er til þess að styrkir fáiast fyrir ferðakostnaði og öðrum útgjöldum nefndarinnar

*Greinargerð:*#

Frá árinu 2011 hefur þingið komið saman árlega, í ár í 6. skiptið. Þar koma saman á þriðja tug ungmenna í sjálfboðavinnu til að stuðla að jákvæðum breytingum innan Þjóðkirkunnar, kirku okkar allra. Gefinn er sviti og tár í að vinna mál frá grunni og þar til þau eru tilbúin til að vera send til kirkjuráðs.#  
En hvað verður svo um málin? Það er vandamálið sem við horfum á ár eftir ár. Með tilvitnun í 7. gr starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 er það á höndum kirkjuráðs að taka málin til umfjöllunar og meðferðar. #

Frá sjónarhorni flutningsmanns er það þó ekki að sjá að málin séu tekin fullri alvöru af kirkjuráði. Þeim er í raun einungis sópað undir teppi sem lýsir sér í þeirri staðreynd ítrekað eru sömu málin flutt í þinginu ár eftir ár, fleiri hugmyndir frá þinginu virðast vera framkvæmdar án aðkomu kirkjuráðs af frumkvæði leiðtoga sem vilja gefa af sér og þeirri staðreynd að þrátt fyrir að eftir því hefur verið óskað, er vefsvæðið sem halda á utan um skjöl frá kirkjuþingi unga fólksins með öllu í ónýtanleg, flest skjöl og upplýsingar er ekki þar að finna, hefur hún ekki verið uppfærð frá árinu 2013 og er kirkjuþing unga fólksins ekki einu sinni að finna á nýrri heimasíðu kirkjuþings sem opnuð var árið 2013.#

Komast má svo að orði að í raun virðist kirkjuþing unga fólksins einungis vera vettvangur til að fegra ímynd kirkjuráðs á opinberlega. Viðhorfið virðist vera að flutt eru eintóm mál, sem flestum er sópað undir teppi, tekin er hópmynd sem sett er á vefsíðu kirkjunnar og send fjölmiðlum til að tala um unga fólkið sem leggur sig fram,

en að sjálfssögðu ekki um framvindu þingmála eftir þingið. Fórst meira að segja fyrir að boða fulltrúa KUF á hið almenna kirkjuþing í október 2015. #

Kallað er eftir því að ef ekki verður brugðist við fyrrnefndum staðreyndum sem sýna að kirkjuráð tekur kirkjuþing unga fólksins alls ekki alvarlega og sýni í verki að það vilji lítið sem ekkert með þingmál kirkjuþings unga fólksins að gera þá sé tíma og vinnu sjálfbóðaliða þingsins sem og fjármunum, sem geta hlaupið á hundruðum þúsunda, sem fara í súginn á hverju ári við framkvæmd þingsins betur verið varið í æskulýðsstarf í hverju prófastsdæmi.#